

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/809/EB frá 14. október 2008 um að tiltekin efni verði ekki færð á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/831/EB frá 31. október 2008 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/763/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „12zi. **32008 D 0809:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/809/EB frá 14. október 2008 um að tiltekin efni verði ekki færð á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 281, 24.10.2008, bls. 16).
- 12zj. **32008 D 0831:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/831/EB frá 31. október 2008 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB (Stjtið. ESB L 295, 4.11.2008, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2008/809/EB og 2008/831/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 281, 24.10.2008, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 295, 4.11.2008, bls. 50.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.